



Bráðabirgðastjórn Sósíalistasflokks Íslands: Fundargerð 18. september 2017

Reglulegur fundur bráðabirgðastjórnar Sósíalistasflokks Íslands, haldinn 18. september 2017 á Café Meskí í Skeifunni. Fundur hófst á boðuðum tíma eða klukkan 20:00.

Mætt voru úr stjórn Benjamín Julian, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Gunanr Smári Egilsson, Laufey Ólafsdóttir, Sólveig Anna Jónsdóttir, Sigurður H. Einarsson og Viðar Þorsteinsson auk þess sem félagsmennirnir Hallfríður Þórarinsdóttir og Katrín Baldursdóttir voru mættar.

Viðar Þorsteinsson ritaði fundargerð.

Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1 · Kosningar

Rætt var um boðaðar þingkosningar og hvort flokkurinn ætti að bjóða fram lista í þeim. Gunnar Smári hafði framsögu um málið og rökstuddi að stjórn hefði ekki umboð ein og sér til að taka þá ákvörðun heldur bæri að bera málið undir félagsfund, þar sem stjórnarmenn gætu tekið þátt í umræðum líkt og aðrir félagsmenn. Tillaga um slíkan fund hafði áður verið sett fram í Facebook-hópi stjórnar og samþykkt þar; dagsetning fundarins er þriðjudagurinn 19. september klukkan 18:00 í Rúgbrauðsgerðinni í Borgartúni.

Rætt var um fyrirkomulag fundar, að stilla upp nokkrum valkostum (bjóða fram, ekki bjóða fram, bjóða fram með öðrum, hvetja sósíalista til að beita sér innan annarra framboða, o.s.frv.). Rætt var um mikilvægi þess að bjóða og hvetja til opinna umræðu meðal félagsmanna. Þá var nefnt að á slíkum fundi væri gott að hvetja þá félagsmenn sem hafa verið virkir í starfi, ss. málefnaþópum, að taka til máls og veita kjölfestu í umræðuna.

Viðar stakk upp á því að farið yrði hringinn við borðið og viðstaddir segðu frá upplifun sinni af vilja félagsmanna varðandi framboð sem og eigin skoðun. Ljóst að skoðanir eru mjög skiptar, og margir

(bæði viðstaddir sem og félagsmenn og aðrir sem viðstaddir höfðu rætt við) sveiflast nokkuð í sínum viðhorfum. Rætt var um hættuna af uppgangi hægrisinnaðrar áherslu Flokks fólksins, sem gæfi tilefni til að bjóða fram, sem og ýmsar vísbendingar um að mörg af áherslumálum SÍ brenni á fólki (ss. heilbrigðis og húsnæðismál). Margir lýstu áhyggjum af því að Sósíalístaflokkurinn væri ekki nægilega vel undirbúinn varðandi innviði til að fara fram og að kosningavinna yrði á skjön við annað uppbyggingarstarf sem er í gangi í flokknum. Einnig var rökstutt að jafnvel þótt illa gengi í kosningum yrði það góð þjálfun og reynsla fyrir flokkinn, en aðrir vildu meina að slæmt gengi yrði notað gegn flokknum og ynni gegn honum í framtíðinni.

Rætt var um möguleikann á því að styðja framboð, óháð flokknum, með áherslu á verkalýðs- og velferðarmál með þátttöku einstaklinga úr ýmsum almannasamtökum.

Lögð var fyrir fundinn fyrirspurn frá Alþýðufylkingunni um hvort Sósíalístaflokkur Íslands væri til í að senda fulltrúa á fund með þeim og Dögun um hugsanlegt sameiginlegt framboð. Ákveðið var að biðja með að svara þeirri fyrirspurn þangað til ákvörðun fundarins á þriðj dagskvöld lægi fyrir, í samræmi við þann skilning að stjórn þurfi umboð slíks fundar til að leita frekar hófa með framboð.

Samþykkt var að bera undir fundinn annað kvöld hvort færa ætti Sósíalístæping aftur fyrir kosningar, enda myndi þingið ella skarast á við háværa kosningabaráttu og jafnvel sjálfa kosningahelgina. Rætt var um að leggja til að færa þingið til 18. nóvember.

Fundarstjóri fundarins annað kvöld verður Gunnar Smári. Fundinum verður ekki varpað beint á Facebook, þar eð um félagsfund er að ræða fremur en opinn fund.

2 · Önnur mál

Viðar hafði framsögu um fundinn sem haldinn verður miðvikudaginn 20. september um starfsgetumat, sem hann, Ásta Dís og Katrín Baldursdóttir hafa mestmegnis undirbúið. Spurt var hvað koma ætti fram í ályktun, og var rætt um mikilvægi þessa að rödd öryrkja sjálfra heyrst í umræðunni.

Fundi var slitið um 22:00.